

Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs.
Stella Rúnarsdóttir
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík, föstudagur, 17. desember 2021
UST202112-080/A.B.
10.04.00

Efni: Lýsing – Breyting á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029 og nýtt deiliskipulag - Ferðamannasvæði í Sandártungu í Þjórsárdal

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Skeiða – og Gnúpverjahrepps er barst 7. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029 og nýtt deiliskipulag fyrir ferðamannasvæði í Sandártungu í Þjórsárdal

Í greinargerð kemur fram að svæðið er skilgreint sem skógræktarsvæði í gildandi aðalskipulagi og gengur breytingin út á að austasti hluti deiliskipulagsreitsins verði skilgreindur sem nýr afþreyingarreitur þar sem gert er ráð fyrir tjaldsvæði og gistipjónustu, VP21 verður fluttur vestur undir Selhöfða, austast á deiliskipulagsreitinn, og gerð verður grein fyrir aðkomu að svæðinu og reiðleið sem heldur áfram, m.a. að Rauðukömbum við Reykholt.

Auk þess kemur fram að í deiliskipulaginu verði gert ráð fyrir þjónustumiðstöð við Selhöfða þar sem verður móttaka fyrir hótél og fjallaböð við Rauðukamba, náttúrustofa með kynningu á Þjórsárdalnum, móttaka fyrir tjaldsvæði og almenn upplýsingamiðstöð fyrir heildarsvæðið og Þjórsárdal. Einnig er möguleiki á að þar verði veitingarekstur, hestaleiga og fl. í samráði við heimamenn. Einnig verður fjallað um bílastæði, tjaldsvæði, gistihús (smáhýsi) og stígakerfi, auk skógarins sem fyrir er.

Landslagsverndarsvæði

Í greinargerð í kafla 3.5. segir: „Þetta er fyrsta svæðið í friðlýsingarflokknum landslagsverndarsvæði, en þau eru skilgreind sem viðkvæm svæði undir álagi ferðamanna.“

Umhverfisstofnun bendir á að landslagsverndarsvæði eru ekki svæði sem eru skilgreind sem svæði undir álagi ferðamanna. Landslagsverndarsvæði samkvæmt skilgreiningu náttúruverndarlaga nr. 60/2013, 50. gr. eru svæði sem þykir sérlega verðmætt vegna fagurfræðilegs og/eða menningarlegs gildis, talið er sérstætt eða fágætt á svæðis-, lands- eða heimsvísu eða skipar mikilvægan sess í vitund þjóðarinnar.

Náttúrustofur

Í kafla 4.4. segir í þriðja málslið að þar verði þjónustumiðstöð með „...náttúrustofu með kynningu á Þjórsárdalnum.“

Umhverfisstofnun bendir á að réttara væri að kalla það gestastofu. Náttúrustofur eru víða um land og hafa það hlutverk að sinna rannsóknum á náttúru Íslands á meðan gestastofur sinna almennt fræðslu og upplýsingagjöf.

Birkiskógur

Umhverfisstofnun bendir á að innan skipulagssvæðisins er náttúrulegur birkiskógur samkvæmt kortasjá Skógræktarinnar, en markmið laga nr. 33/2019 um skóga og skógrækt er að vernda náttúruskóga landsins og stuðla að aukinni útbreiðslu þeirra.

Náttúruskógur er skilgreindur skv. lögnum þar sem land, a.m.k. 0,5 ha. að flatarmáli, þar sem sjálfsáanar, innlendar trjátegundir, þ.e. ilmbjörk, reyniviður, blæosp, gulvíðir eða loðvíðir, eru ríkjandi og ná a.m.k. tveggja metra hæð fullvaxnar og a.m.k. 10% krónuþekju.

Umhverfisstofnun bendir á að sérstæðir eða vistfræðilega mikilvægir birkiskógar falla undir b. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Umhverfisstofnun bendir á að Skógræktin hefur það hlutverk að skilgreina og kortleggja náttúrulega birkiskóga sem falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að tekið sé mið af ofangreindum lögum og markmiðum þeirra við gerð tillögunnar.

Forsendur og ferðamenn

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í forsendum tillögunnar hver sé áætlaður fjöldi ferðamanna sem mun heimsækja svæðið sem hér er til umfjöllunar. Með þeim forsendum væri hægt að rökstyðja umfang tillögunnar, stærð bílastæðis, þjónustubyggingar og áningarstaða, og umfang göngustíga.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Björn Stefánsson
sérfræðingur